



HRUNAMANNAHREPPUR

85. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

5. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 19. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagshéimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp eftirfarandi dagskrárbreytingatillögur:

Gerð er tillaga um að við bætist eftirfarandi liðir:

Liður 7: lóðarleigusamningur um fjós og hlöðu í Gröf.

Liður 9: kosning fulltrúa vegna vorfundar Héraðsnefndar Árneseinga.

Tillagan samþykkt samhljóða. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta. Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneseyslu og Flóahrepps:

1. Fundargerð 321. fundar skipulagsnefndar frá 11. mars 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars sl.

Lögð fram fundargerð 321. fundar skipulagsnefndar frá 11. mars 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. mars sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 12. Hrafnabjörg: Frístundasvæði; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulag, eftir auglýsingu, sem tekur til frístundasvæðis í landi Hrafnabjarga L194595 í Hrunamannahreppi. Í tillögunni felst að skilgreindar eru 34 nýjar lóðir og byggingarreitur innan þeirra þar sem heimilt er að byggja eitt frístundahús, aukahús og kalda geymslu. Deiliskipulag þetta er lagt fram samhliða breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Handwritten signatures and initials: ART, DAS, BV, and other illegible marks.

Mál nr. 13. Syðra-Langholt: Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar, eftir kynningu skipulagslýsingar, sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 og deiliskipulagi. Í breytingunni felst stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (efnistökusvæði E31) úr 0,9 ha í 1,3 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m³ í stað 45.000 m³. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja aðalskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir aðalskipulagsbreytinguna til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 14. Galtaflöt 3: Úr frístundasvæði í gistihúsnæði; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram, eftir grenndarkynningu, tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi sem tekur til Galtaflatar 3 L200921 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að frístundahúsnæðinu er breytt í gistihúsnæði án veitingasölu. Tilgangur umsóknarinnar er að reka þar lítið gistihús/gistiheimili sem þjónustar ferðafólk með svefnplássi án veitingareksturs. Einungis verður boðið upp á gistingu, en ekki sala mat- eða drykkjarvara. Athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að hafna erindinu vegna mikilla athugasemda við grenndarkynningu málsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og hafnar erindinu vegna mikilla athugasemda við grenndarkynningu málsins.

Mál nr. 17. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 4. mars sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarulltrúa frá 4. mars sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

2. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 21. fundar stjórnar frá 16. mars 2026.

Lögð fram fundargerð 21. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 216. fundar stjórnar frá 26. febrúar 2026.

Lögð fram fundargerð 216. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnespings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

4. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 6. mars 2026.

Lögð fram Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 505. mál - Sveitarstjórnarlög.

Sveitarstjórn mótmælir harðlega þeim stutta fresti sem sveitarfélögum er gefinn til að gefa umsögn um jafn viðamikla breytingu á sveitarstjórnarlögum og hér um ræðir og óskar eftir því að gefinn verði lengri frestur til umsagnar.

HA ARJ DGAS Bv
JR

5. **Bréf frá Akstursíþróttafélagi Hreppakappa, ódagssett.**

Lagt fram bréf frá Akstursíþróttafélagi Hreppakappa þar sem óskað er eftir leyfi sveitarstjórnar til að halda æfingar í motorcross í tveimur brautum á einkalandi í Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn setur sig ekki á móti þeirri landnotkun sem hér er lýst en felur sveitarstjóra að leita álits skipulagsfulltrúa um málsmeðferð.

6. **Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi tillögu um sameiningu frístunda- og tómstundastarfs barna og ungmenna frá 17. mars**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi tillögu um sameiningu frístunda- og tómstundastarfs barna og ungmenna undir einum forstöðumanni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að starfsemi Skólasels, Frístundar og Félagsmiðstöðvarinnar Zero verði sameinuð undir stjórn eins forstöðumanns. Í starfi hans felist einnig umsjón og skipulag sumarnámskeiða barna og ungmenna og umsjón með starfsemi Ungmennaráðs. Sveitarstjóra er falið að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar í samræmi við tillögur minnisblaðsins og auglýsa nýja stöðu í apríl. Gert er ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag taki gildi þann 1. ágúst 2026. Fyrirkomulag þetta hefur verið kynnt nefndum sveitarfélagsins sem þessi mál heyra undir og á næsta fundi nefndanna verður málið og fyrirkomulag starfseminnar í framtíðinni rætt.

7. **Minnisblað frá sveitarstjóra vegna lóðarleigusamnings í Gröf.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra þar sem gerð er grein fyrir viðræðum sem átt hafa sér stað við eigendur fjóss og hlöðu í Gröf. Lóðin er í eigu Hrunamannahrepps og ítreka húseigendur fyrri óskir sínar um lóðarleigusamning.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gerður verði lóðarleigusamningur við húseigendur. Í lóðarleigusamninginn verði sett sérstakt ákvæði um umgengni á lóð og ásýnd húss en núverandi ástand bygginga á lóðinni samræmist ekki ákvæðum deiliskipulags um fallett umhverfi og þeirri ásýnd og uppbyggingu sem þegar er hafin á svæðinu og framundan er.

8. **Minnisblað frá sveitarstjóra vegna vatnstjóns á Hótel Hill frá 17. mars 2026.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra vegna vatnstjóns á Hótel Hill en þar er gert grein fyrir málsatvikum þegar flæddi úr fráveitu á Hótel Hill í ágúst síðastliðið sumar og nokkuð mikið tjón varð í um sjö herbergjum í húsinu. Ljóst er að tjónið fæst hvorki bætt úr tryggingum hótelsins eða sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að koma til móts við það tjón sem varð vegna fráveitu í samræmi við tillögur í minnisblaðinu og umræður á fundinum.

9. **Kosning fulltrúa vegna vorfundar Héraðsnefndar Árnesinga.**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Jón Bjarnason verði fulltrúi Brunavarna Árnessýslu, Listasafns Árnesinga, Byggðasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Tónlistarskóla Árnesinga. Áheyrnarfulltrúi verði Daði Geir Samúelsson.

10. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn þann 16. apríl n.k. kl. 12:00.

Handwritten initials in purple ink: ART, DCW, BV, HA, SB.

Mál til kynningar:

11. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 994. fundar frá 3. mars 2026.

Lagt fram til kynningar.

12. Aðalfundarboð Veiðifélag Árnesinga.

Lagt fram til kynningar en fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum verður oddviti, Jón Bjarnason.

13. Ársskýrsla og ársreikningur Hestamannafélagsins Jökuls.


Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.08.

Daði Geir Samuélsson

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Bjarney Vignisdóttir



Helga Ást Ást

Róbert Kopteinn